

Mánudaginn 22. maí 1995.

Nr. 157/1995.

Gjaldtökusjóður

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Þórði Magnússyni

Kærumál. Fjárnám. Stjórnýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 12. apríl 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vesturlands, upp kveðinn 24. mars 1995, þar sem fellt er úr gildi fjárnám, sem gert var að kröfu sóknaraðila hjá varnaraðila 12. október 1994. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að gildi fyrrgreinds fjárnáms verði staðfest og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Varnaraðili hefur sjálfur flutt mál sitt fyrir Hæstarétti, og liggur ekkert fyrir um, hvort hann hafi þurft að bera af öðrum sökum kostnað af því. Verður kærumálskostnaður því ekki dæmdur honum.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 24. mars 1995.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 24. febrúar sl., er höfðað af Þórði Magnússyni, kt. 181167-3789, Grundargötu 26, Grundarfirði, með kröfu, sem barst Héraðsdómi Vesturlands 22. desember 1994 og þingfest 11. janúar

1995. Krefst sóknaraðili þess, að fjárnám, sem fram fór hjá sýslumanninum í Stykkishólmi 12. október 1994 að kröfu Gjaldtökusjóðs, kt. 470593-2459, Skúlagötu 4, Reykjavík, í vélbátnum Helgu Hafsteinsdóttur, SH-318, Hugrúnu, AK-43, og fasteigninni Grundargötu 84, Grundarfirði, verði felld úr gildi. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og fjárnámið dæmt gilt, auk málskostnaðar að mati dómsins.

Sættir hafa reynst árangurslausar.

— — —

[Sbr. dóm Héraðsdóms Vesturlands í málinu nr. 156/1995: Þórður Magnússon gegn Gjaldtökusjóði, bls. 1459–1463 hér að framan.]

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Aðfarargerð sýslumannsins í Stykkishólmi, sem fram fór hjá sóknaraðila, Þórði Magnússyni, 12. október 1994 að kröfu varnaraðila, Gjaldtökusjóðs, er ógilt.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 80.000 kr. í málskostnað.
